

Nd.

282. Nefndarálit

um frumvarp til laga um takmarkanir á rjetti til fasteignaráða á Íslandi.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir fallist á, að rjett sje að setja ákvæði í lög um heimild útlendra manna til að öðlast hjer rjettindi yfir fasteignum, bæði eignarrjett og takmörkuð rjettindi.

Eigi verður sjeð, að ákvæði frumvarpsins muni á nokkurn hátt brjóta í bága við samninga milli Íslands og annara ríkja. Um samningana milli Íslands og Danmerkur skal það sjerstaklega tekið fram, að ákvæði frv. geta ekki komið í bága við ákvæði þeirra, með því að Dönum og Íslendingum er gert jafnhátt undir höfði, þar sem hvorirtveggja þurfa að vera hjer búsettir. Danir hafa jafnrjetti við Íslendinga, samkv. 6. gr. sambandslaganna, en eigi meiri rjett.

Í athugasemdum við frumvarp stjórnarinnar 1901 er nokkuð út í það farið, hvort slík ákvæði, sem hjer greinir, muni á nokkurn hátt brjóta í bága við þjóðarrjett eða þjóðarsamninga, er Danir höfðu þá gert, og hefir stjórnin rjettilega komist að þeirri niðurstöðu, að ákvæði frumvarpsins, sem að efni til eru hin sömu sem þessa frv., komi hvergi í bága við þjóðarrjett nje þjóðarsamninga Dana, er þeir höfðu þá gert, og líka áttu að ná til Íslands (Alpt. 1901 C. bls. 131).

Eins og tekið hefir verið fram, er jafnrjetti það, sem ákveðið er í 6. gr. sambandslaganna, viðtækara en jafnrjettisákvæði í nokkrum þjóðarsamningi, er Ísland varðar. Nú er áður sýnt, að ákvæði þessa frumvarps fara ekki í bága við sambandslögin, og því fara þau ekki heldur í bága við almenn fyrirmæli þjóðarjettarins nje heldur milliríkjasamninga, sem Ísland varða.

Breytingartillögur nefndarinnar á þingskjali 281 eru flestar gerðar í því skyni að kveða skýrar á um ýmis atriði, svo sem breytingartillagan við 1. gr., þar sem rjett þykir að kveða nánar á um heimild fjelaga og stofnana en gert er í frumvarpinu.

Nefndinni virðist alveg vanta ákvæði í frv. um það, hvernig fara skuli um þá, er nú hafa eignast rjettindi yfir fasteign, en eigi fullnægja skilyrðum laganna, og hefir hún gert uppástungu um slíkt ákvæði í brtt. 10. a. (10. gr.). Nefndinni hefir þótt rjett að taka fram, að frumvarpið næði ekki til þeirra, er í brtt. 10 b. (11. gr.) segir. Að öðru leyti verður gerð nánari grein fyrir breytingartillögum í umræðum málsins.

Alþingi, 5. ágúst 1919.

Einar Arnórsson,
form., frsm.

Magnús Guðmundsson,
skrifari.

Þorleifur Jónsson.

Einar Jónsson.

Pjetur Ottesen.